

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 19. mars 2020 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-35/2019.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 8. maí 2019 bað X, hér eftir álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á hundi af Y, hér eftir seljandi. Álitsbeiðandi telur að hundurinn sé haldinn galla og krefst endurgreiðslu á kaupverðinu.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 6. ágúst 2019, var seljanda gefinn kostur á andsvörum við álitsbeiðninni og var tveggja vikna frestur veittur til að skila þeim. Andsvör seljanda bárust þann 15. ágúst 2019. Nefndinni bárust ekki frekari athugasemdir. Með bréfi, dags. 10. febrúar 2020, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Álitsbeiðandi festi kaup á hreinræktuðum hvolpi af gerðinni Pug af seljanda þann 1. mars 2018 fyrir 350.000 krónur. Í kaupsamningi milli aðila kemur fram að hvolpurinn sé hreinræktaður og seldur sem heimilishundur með ættbók frá HRFÍ. Þar segir einnig að við afhendingu skuli hvolpurinn hafa fengið fyrstu sprautu, verið ormahreinsaður, örmerktur, heilsufarsskoðaður og skoðaður fyrir tryggingar. Þá segir í samningnum að ef engar athugasemdir eru „á tryggingapappírnum er salan á þessum hvolpi ekki í ábyrgð ræktandans, heldur eigandans. Komi fram athugasemd á tryggingapappírnum skal það ritast hér, og fyrir fram ákveðið um hvað skal gera einnig hvenær og hvar.“ Í samningnum kemur svo fram að athugasemd hafi verið gerð við það að eistu hafi ekki gengið niður. Frekari athugasemdir voru ekki gerðar.

Álitsbeiðandi segir að fljótlega eftir afhendingu hafi farið að bera á einkennilegu göngulagi hvolpsins. Hvolpurinn hefur „lata framfætur“ að sögn álitsbeiðanda sem veldur því að hann dregur fæturna þannig sár myndast á þófum hans sem blæðir úr. Hvolpurinn er einnig farinn að draga afturlappirnar með sama hætti. Skoðun dýralæknis leiddi í ljós varanlega líkamlega fötlun sem felst í skökkum hrygg sem ekki er hægt að lagfæra. Álitsbeiðandi segir mögulegt að lífslíkur hvolpsins séu minni sökum fötlunarinnar miðað við heilbrigðan hund sömu tegundar.

Álitsbeiðandi krefst þess að fá kaupverð hvolpsins endurgreitt án þess að honum verði gert að skila hvolpinum. Bendir álitsbeiðandi á að fjölskylda sín hafi tekið ástfóstri við hvolpinn þrátt fyrir heilsufar hans. Til vara krefst álitsbeiðandi þess að fá afhentan heilbrigðan hund af sama kyni frá seljanda.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum sínum vísar seljandi til kaupsamnings aðila þar sem fram kemur að seljandi beri ekki ábyrgð á hvolpinum, að undanskildum athugasemdum í tryggingapappírnum. Seljandi bendir á að hvolpurinn hafi farið í skoðun hjá dýralækni fyrir afhendingu, þann 15. febrúar 2018 og svo eftir afhendingu, þann 14. mars 2018. Engar athugasemdir voru gerðar við göngulag

hvolpsins af hálfu dýralæknis eða eiganda í þeim skoðunum.

Seljandi tekur fram að hvolpurinn hafi verið ranglega greindur með arfgenga sjúkdóminn PDE (Pug Dog Encephalitis) í skoðun hjá dýralækni þann 15. ágúst 2018. Seljandi fór fram á álit annars dýralæknis og þá var hvolpurinn greindur með hryggskekkju. Seljandi bendir á að hryggskekkja sé ekki ættgengur sjúkdómur og geti komið upp í öllum hundum. Seljandi bendir einnig á að aðilar hafi komist að samkomulagi um að seljandi veitti álitsbeiðanda afslátt af kaupverði annars hvolps. Álitsbeiðandi hafi 26 dögum síðar leitað til kærunefndarinnar án þess að láta seljanda vita.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Álitsbeiðandi festi kaup á heimilishundi af seljanda en af gögnum málsins álitur kærunefndin að seljandi hafi atvinnu af ræktun og sölu á hundum. Verður því litið svo á að viðskipti aðila falli undir lög nr. 48/2003 um neytendakaup, sbr. 2. og 3. mgr. 1. gr. laganna.

Líkt og að framan greinir keypti álitsbeiðandi hvolp af tegundinni Pug af seljanda þann 1. mars 2018 fyrir 350.000 krónur. Stuttu síðar kveðst álitsbeiðandi hafa orðið var við einkennilegt göngulag hvolpsins. Skoðun dýralæknis þann 15. ágúst 2018 leiddi í ljós að hvolpurinn er með hryggskekkju. Álitsbeiðandi telur að hvolpurinn sé haldinn galla og krefst endurgreiðslu á kaupverði eða að seljandi afhendi honum heilbrigðan hvolp. Vegna tengslamyndunar við hvolpinn vill álitsbeiðandi hins vegar ekki afhenda hann til seljanda að nýju. Seljandi hefur borið fyrir sig ákvæði í kaupsamningi aðila þar sem fram kemur að seljandi beri ekki ábyrgð á hvolpinum að undanskildum athugasemdum sem gerðar eru í tryggingarskjöllum fyrir afhendingu. Engar athugasemdir voru gerðar við heilsufar hvolpsins fyrir en um fimm mánuðum eftir afhendingu. Nefndin telur vert að taka fram að samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) er óheimilt að semja um eða bera fyrir sig kjör sem eru neytanda óhagstæðari en leiðir af ákvæðum laganna.

Um galla á söluhlut er fjallað í 15. og 16. gr. nkpl. Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. skal söluhlutur fullnægja þeim kröfum sem leiðir af samningi hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun. Í a-lið 2. mgr. 15. gr. segir að söluhlutur skuli „henta í þeim tilgangi sem sambærilegir hlutir eru venjulega notaðir til“. Þá skal söluhlutur samkvæmt b-lið 2. mgr. 15. gr. nkpl. hafa þá eiginleika til að bera sem neytandinn mátti vænta við kaup á slíkum söluhlut að því er varðar endingu og annað. Söluhlutur telst gallaður ef hann er ekki í samræmi við ákvæði 15. gr., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. nkpl.

Þá mælir 18. gr. nkpl. fyrir um sönnun á galla og tímamark hans, en þar segir í 2. mgr. að galli, sem upp komi innan sex mánaða frá því að áhætta söluhlutar fluttist til neytanda, teljist hafa við til staðar á því tímamarki, þ.e. við afhendingu. Söluhlutur telst þó ekki gallaður nema gallinn sé „hvorki sök neytanda né stafar af aðstæðum sem hann varða“ líkt og fram kemur í 1. mgr. 26. gr. nkpl.

Í samningi aðila vegna kaupanna kemur fram að hinn seldi hvolpur sé hreinræktaður Pug hvolpur sem ættbókarfærður er hjá HRFÍ. Kaupverð hvolpsins var 350.000 krónur. Fyrir afhendingu átti samkvæmt samningi aðila að liggja fyrir niðurstaða heilsufarsskoðunar og skoðunar á heilbrigði vegna möguleika á váttryggingu. Kærunefndin telur liggja fyrir að heilbrigði hvolpsins hafi skipt málið við samningsgerðina og þegar kaupin voru ákveðin.

Í gögnum frá dýralækni er staðfest að hvolpur álitsbeiðanda er með hryggskekkju eða „butterfly vertebrae thoracal“. Greiningin var staðfest um fimm mánuðum eftir afhendingu. Þrátt fyrir að formleg greining hafi ekki legið fyrir fyrir en þann 15. ágúst 2018 telur kærunefndin

að um meðfæddan galla sé að ræða. Að áliti kærunefndarinnar kom gallinn í ljós samhliða vexti hvolpsins.

Með hliðsjón af gögnum málsins verður fallist á það með álitsbeiðanda að hvolpurinn hafi verið haldinn galla við kaupin, sbr. 1. mgr. og a-liður 2. mgr. 15. gr. nkpl., sbr. a-liður 1. mgr. 16. gr. laganna.

Ákvæði 26. gr. nkpl. mælir fyrir um þau vanefndarúræði sem neytandi getur borið fyrir sig vegna galla á söluhlut. Álitsbeiðandi krefst þess aðallega að fá kaupverð hvolpsins endurgreitt að fullu án þess að honum verði gert að skila hvolpinum. Kærunefndin getur ekki fallist á fulla endurgreiðslu kaupverðs en telur að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti vegna gallans, sbr. 31. gr. nkpl. Samkvæmt gögnum málsins á hvolpur álitsbeiðanda erfitt með gang sem veldur m.a. sárum á loppum hans. Þá kveður álitsbeiðandi að gallinn geti valdið því að líf hundsins verður styttra en heilbrigðs hunds, en staðfesting þess efnis hefur ekki verið lögð fyrir nefndina. Álítur kærunefndin að álitsbeiðandi eigi rétt á afslætti sem samsvarar helmingi kaupverðsins. Seljanda ber samkvæmt framangreindu að endurgreiða álitsbeiðanda 175.000 krónur.

VI

Álitsorð

Seljanda, Y, ber að endurgreiða álitsbeiðanda, X, 175.000 krónur.

Áslaug Árnadóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson